

Fiðlan alltaf í fyrsta sæti

Færni Maksymilian Frach á fiðlu kom fljótlega í ljós við fjögurra ára aldur. Nú hefur hann lokið framhaldsnámi og stefnir hærri.

— sjá bls. 16 og 17



„Brillað“ í Súðavík

Pétur Georg Markan er Reykvíkingur sem var alltaf á leiðinni vestur, með beinum eða óbeinum hætti. Sonur Ísabellu og Harðar og bróðir Ísabellu og Karlottu. Hálfbróðir Helenu og örvhentur þegar hann þarf að vanda sig. Hann er uppallinn í smáibúðahverfinu í Reykjavík og sleit þaðan hamingjusömustu barnsskóm sem um getur. Hann býr nú í Súðavík ásamt lífsförunaut, Margréti Lilju Vilmundardóttur. Pétur Markan segir sögu sína.

— sjá bls. 12 og 13.



Óháð fréttablað á Vestfjörðum

BÆJARINS BESTA

Stofnað 14. nóvember 1984 · Fimmtudagur 4. júlí 2013 · 26. tbl. · 30. árg. · Ókeypis eintak



Stúkubýggingin vígð!

Vantar þig íbúð til leigu?

Hafðu samband sími: 456 6600

SÓLVARNARGLER
HANDRÍÐ &
SKJÓLVEGGIR

ALLT Í GLERI
SÍÐAN 1989

Isplan

GLER OG SPEGLAR

SMÍÐJUVEGI 7 • KÓPAVOGI • 54 54 300 • SENDUM UM ALLT LAND

EINFÖLD REIKNIVÉL Á EBOX.IS

auðveldar smásendingar

Í STÓRUM SKIPUM RÚMAST LÍKA SMÆRRI SENDINGAR

→ → → → → → →

eBOX er ný, þægileg og einföld lausn til að flytja minni sendingar frá Evrópu til Íslands. Á ebox.is er reiknivél sem segir þér á augabragði hver flutningskostnaðurinn er. Traust og áreiðanlegt leiðakerfi Eimskipa á Norður-Atlantshafi tryggir að sendingin þín kemur heim með fyrstu ferð. Auðvelt og fljótlegt.

EIMSKIP
eBOX

Eimskip | Korngröðum 2 | 104 Reykjavík | Sími 525 7000 | www.ebox.is

Keppni í iðngreinum og sýnileiki þeirra

„Mér líst mjög vel á þetta, það er mikil þörf á því að vekja athygli á iðngreinum. Ég held að þetta stuðli bæði að fjölgun nemenda og meiri gæðum í náminu. Þetta vekur athygli fólks á iðngreinum og eins vilja nemendur þá líka standa sig vel og kennarar fyrir hönd nemenda leggja sig meira fram. Ég hef upplifað þetta í gegnum svona keppni, t.d. þegar nemendur í húsasmíði tóku fyrstu og önnur verðlaun hér í keppni árið 2008. Það vakti mikla athygli og það höfðu aldrei verið fleiri nemendur í húsasmíði en var árið á eftir. Það má kannski tengja þetta saman,“ segir Jón Reynir Sigurvinsson, skólameistari Menntaskólans á Ísafirði, um undirritun samstarfs-samnings milli mennta- og menningarmálaráðherra og Verkiðnar um Íslandsmót í iðn- og verkgreinum árið 2014 og þátttöku íslenskra keppenda á World Skills í Brasilíu ári seinna.

Í tilkynningu frá menntamálaráðuneytinu segir að markmið keppnanna sé að auka sýnileika iðn- og verkgreina á Íslandi, bæta ímynd iðn- og verkgreina og halda Íslandsmót í greinum annað hvert ár.

Þessu er ætlað að vekja athygli á námi og starfi í þessum greinum.

Ekki er tréið kennd við Menntaskólann á Ísafirði í ár. „Það hrundi allt saman, það er ekki verið að byggja svo mikið. En það fer að vanta trésmíði á svæðinu og það tekur fjögur ár að búa til trésmíð svo það þarf að fara að huga að því,“ segir Jón Reynir. Hann segir að það vanti að fjölga fólki í þessum greinum og tæknigreinum en af einhverjum ástæðum gangi það ekki betur en þetta. En það þarf að breyta ímyndinni meðal fólks almennt, að hans sögn.

Aðspurður hvort námið sé nægilega sýnilegt fyrir tilvonandi nemendur segir Jón Reynir: „Þetta er ekki nógu sýnilegt, virðist ekki vera það. Það má þó við þetta bæta, að þegar við förum að kynna skólann fyrir gunnskólanemum, þá er verknámið sýnilegt en ekki bóknaði, og nemendur sjá að verið er að smíða hér sumarhús og það vekur athygli. En ég tel, eins og ég hef áður sagt, að meginástæðan sé sú að grunnskólinn er bóknáms-skóli, þar er ekkert annað en bóknám. Það sem kallast verknám er eitthvað sem ekki telur, þar eru



Jón Reynir Sigurvinsson skólameistari.

handfjatlaðir einhverjir spýtukubbar og fólkið sem starfar í grunnskólunum er bóknáms-fólk.“

Einnig er skortur á starfs- og námsráðgjöfum í grunnskólum, að sögn Jóns Reynis. „Þegar þetta fer allt saman er ekkert undarlegt að nemendur horfi á bóknám fyrst og fremst. Þessu þarf að breyta, auka starfs- og námsráðgjöf þar sem fólk er til staðar sem þekkir til verknáms.

Málið er það líka að starfs- og námsráðgjafar eru bóknáms-fólk. Það er einn þáttur af vandamálinu og eðlilegt að það horfi frekar til bóknáms,“ segir Jón Reynir.

Hann bendir einnig á að menn horfa í kostnaðinn þar sem dýrara er að mennta verknámsnemendur en bóknámsnemendur. Hann vill meina að með því að horfa í þann kostnað í staðinn fyrir að horfa á

ávinninginn sem samfélagið hefur af því að mennta fólk í þessum greinum sé samfélagið að missa af tekjum. Það sprettur atvinna af þessari menntun, að sögn Jóns Reynis, sem vill meina að þrátt fyrir að bóknámsfólk skapi líka atvinnu sé það fyrst og fremst verknám og tækninám sem skapar grunninn að öllu hinu og við verðum að átta okkur á af hverju við lifum. *hordur@bb.is*

Musteri vatns og vellíðanar í Bolungarvík



Hér sjáum við nýsteypta vaðlaugina og gesti baða sig í sólinni á sælureitnum.

Framkvæmdir við sundlaugina í Bolungarvík ganga mjög vel, að sögn Gunnars Hallssonar, forstöðumanns íþróttamiðstöðvarinnar Árbæjar. „Það er

búið að steypa upp í vaðlaugar-kerið og lagnavinna er nú í gangi þar sem lagnir fara inn í mitt kerið, en þar verður agalega flottur bunusveppur [gö-

brunnur]. Kerið er fjórir og hálf-ur metri í þvermál og mesta dýptin verður 40 sentimetrar. Að lagnavinnu lokinni verður kerið klætt með mjúku efni,

sama efni og er á garðsvæðinu sem reynst hefur vel og hentar vel á leiksvæði ungra ærslafullra gesta okkar. Einnig er verið að taka kerið við renni-brautina og flísaleggja það upp á nýtt. Vatnsrennibrautin er þó opin,“ segir Gunnar.

Nýr stýribúnaður fyrir blöndunartæki í sturtuklefunum hefur verið settur upp, en að sögn Gunnars var þörf á endurnýjun þó fyrir hefði verið. „Það var ákveðið að fara þá leið að kaupa búnað sem er tímastilltur og vatnssparandi. Sá búnaður var dýrari í kaupum en annar en það skilar sér með betri nýtingu baðvatnsins.“

Með þessum framkvæmdum eykst notagildi garðsins og svæðisins til muna fyrir alla fjölskylduna. „Við vonumst til að öllum framkvæmdum verði lokið undir lok næsta mánaðar ef allt fer að óskum. Hér er aðsóknin vaxandi með hverjum deginum sem líður en hún fór hægt af stað í sumar, að hluta til vegna þess að við þurftum að loka sundlauginni í viku í byrjun sumars. Nú merkjum við greinilega aukningu í aðsókn og erum tilbúin fyrir júlímánuð

sem alltaf hefur verið okkar stærsti mánuður.“

Á vefsíðunni sundlaugar.is er hægt að sjá upplýsingar um sundlaugar á landinu. Þar geta landsmenn skrifað ummæli um hverja laug fyrir sig. Meðal þeirra ummæla sem birtast um sundlaugina í Bolungarvík, eða musteri vatns og vellíðanar eins og hún er oft kölluð, eru þessi:

Sigrún segir:

Ég kem reglulega í þessa sundlaug og líkar mjög vel. Þetta er örugglega eina sundlaugin á landinu þar sem kaffið er gefins frítt í sundlaugargarðinum. Útisvæðið finnst mér sérstaklega aðlaðandi og skemmtilegt og einstaklega gott að liggja þar á bekk á heitum sumardögum. Hef einnig heyrt að það standi til að lagfæra útisvæðið enn meira og byggja þar vaðlaug. Áfram Bolungarvík!

Anna segir:

Þessi sundlaug er ein af uppáhalds laugunum mínum á landinu, sú besta á Vestfjörðum!!! Og æðisleg rennibraut. Hvet alla til að koma í sund í Víkinni! *harpa@bb.is*

SUMMAR ÚTSALAN

KOMDU
STRAX,
því bestu
kaupin
fara fyrst!

HEFST FIMMTUDAGINN 4. APRÍL KL. 10 UM LAND ALLT!

GRILL
SUMARBLÓM
TRJÁPLÖNTUR
ÚTIPOTTAR
GARÐHÚSGÖGN
SLÁTTUVÉLAR
GARÐLEIKFÖNG
GARÐVERKFÆRI
BÚSÁHÖLD
REIÐHJÓL
GARÐSTYTTUR
ÚTIVISTARFATNAÐUR
VIÐARVÖRN
VINNUFATNAÐUR
OG ÓTAL MARGT FLEIRA

20-70%
AFSLÁTTUR

Útsöluafsláttur gildir ekki af vörum merktum
Lægsta lága verð Húsasmiðjunnar.

LÆGSTA
LÁGA
VERÐ
HÚSASMIÐJUNNAR

blómaval



HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA

ALLT FRA GRUNNI AÐ GÓÐU HEIMILI
SÍÐAN 1956



Halldór Hermannsson.

Ánægður með hækkun frítekjumarks

„Ég er ánægður með þetta. Við eldri borgarar höfum ýjað að þessu í nokkur ár. Það er hægt að nota starfskrafta eldri borgara meðan þeir endast. Þeir eiga ýmislegt í pokahorninu og geta nýtt reynslu sína til gagnlegra hluta. Ég lít björtum augum á atvinnu eldri borgara, það verða ekki allir sem hlaupa upp til handa og fóta en eflaust munu einhverjir nýta sér þetta,“ segir Halldór Hermannsson, fv. skipstjóri og fv. formaður Félags eldri borgara á Vestfjörðum um fyrirhugaða hækkun frítekjumarks eldri borgara.

Árið 2009 voru gerðar ýmsar breytingar á lögum um almanna-

tryggingar og lögum um málefni aldraðra, sem leiddu til umtalsverðra skerðinga á kjörum aldraðra og öryrkja. Breytingarnar fólust meðal annars í því að fjármagnstekjur voru látnar skerða að fullu tekjutengdar greiðslur í stað 50% skerðingar áður og eins var frítekjumark ellilífeyrisþega vegna atvinnutekna lækkað umtalsvert. Lífeyrissjóðstekjur voru teknar inn í útreikning við ákvörðun grunnlífeyris og gátu þannig skert grunnlífeyrinn.

Hækkanir á greiðslum til lífeyrisþega taka gildi 1. júlí og koma til framkvæmda 1. ágúst. hordur@bb.is



Íþróttahúsið á Ísafirði.

Teppaflísar lausnin á Torfnesi?

Patrekur Súni Reehaug, íþróttafulltrúi Ísafjarðarbæjar, hefur lagt til við bæjarráð að keyptar verði teppaflísar sem geta varið gólf íþróttahússins fyrir átroðningi og bleytu. Slíkar flísar eru vel þekktar í fjölnota húsum. Verði fjárfest í þeim

fyrir íþróttahúsið á Torfnesi er ekkert því til fyrirstöðu að leigja það út til skemmtanahalds.

Bæjarráð Ísafjarðarbæjar taldi sér á dögunum ekki fært að láta íþróttahúsið í té til skemmtanahalds þegar Mýraboltafélag Íslands óskaði eftir því að taka

húsið á leigu um verslunarmannahelgina í þeim tilgangi. Í bókun bæjarráðs segir að álit íþróttafulltrúa sé, að sökum þess hve gólfíð er orðið lélegt þoli það ekki þann átroðning sem slíkar skemmtanir hafi í för með sér. hordur@bb.is

Sendir gítarpedala út um allan heim

„Þetta eru gítarpedalar. Ég nota ekki íslenska orðið sem er fetill, það er eitthvað sem menn kjósa að nota hérna á Íslandi og mér finnst skelfilegt orð,“ segir Ásgeir Helgi Þrastarson, ungur Ísafirðingur sem smíðar gítar- og bassapedala og selur út um allan heim. Pedalarnir rjúka út eins og heitar lummur svo hann hefur ekki undan að smíða til að anna eftirspurn.

„Þetta er lítið box sem hljóðfærалеikarar nota til að fá öðruvísi hljóm úr gítarnum, riff-hljóm eða þannig að hann endurtekur sig, það er margt í boði. Þeir sem vita hvað ég er að tala um fatta alveg hvað ég á við. Aðalmálið við þetta er að menn geta valið útlitið, þeir segja hvaða takka, lit og mynd þeir vilja og þá reyni ég að vinna þetta eftir þeirra óskum. Ég nota fablabið mjög mikið til að vinna boxin sem þetta er í því þar er náttúrulega frábær aðstaða,“ segir Ásgeir um gripina sem hann smíðar.



Pedali sem Ásgeir smíðaði fyrir Ben Weinman, gítar-leikara hljómsveitarinnar The Dillinger Escape Plan sem er heimsfræg hljómsveit og í uppáhaldi hjá Ásgeiri.

Það er vitlaust að gera í þessu að sögn Ásgeirs, það má segja að það sé of mikið að gera. „Ég er með það mikið af

pöntunum að fólk er á biðlista. Og það er alltaf að aukast. Helsti staðurinn sem fólk er að sýna áhuga og spyrjast fyrir um er Instagram, það er mjög mikið að gerst þar.“

Flestir sem kaupa pedalana eru tónlistarmenn en annað slagið hafa líka eiginkonur, kærustur, feður eða aðrir keypt pedala fyrir fólkið sitt. „Það eru bæði tónlistarmenn sem spila fyrir sjálfa sig og fagmenn sem vinna við að spila í hljómsveitum. Það er fólk af öllum stærðum og gerðum alls staðar í heiminum. Þegar ég tala um stærðum á ég við hversu frægir menn eru, ekki stórir að líkamsgerð. Kannski eru þeir það líka en ég veit ekkert mikið um það. Listinn yfir löndin sem ég hef sent þetta til er það langur að ég man hann ekki en það er langmest pantað frá Bandaríkjunum og Bretlandi og mikið á Íslandi líka. Það er mikið um að menn séu að spyrjast fyrir eða panta hérna heima,“ segir Ásgeir. hordur@bb.is



Torfi Björnsson og Sigríður Króknes við hornstein stúkunnar.

Jinxaði leikinn í vígsluathöfn stúkunnar

Áhorfendastúkan við Torfnesvöll á Ísafirði var vígð með viðhöfn á laugardag, þar sem hjónin Torfi Björnsson og Sigríður Króknes lögðu hornstein. Sr. Magnús Erlingsson blessaði mannvirkið og Daníel Jakobsson bæjarstjóri, Jón Páll Hreinsson formaður HSV og Þórir Hákonarson framkvæmdastjóri KSÍ fluttu stutt ávörp í tilefni dagsins. Þá léku heimamenn við Víking úr Reykjavík þar sem áhorfendur fylgdust vel með gangi leiksins úr stúkunnni.

Guðjón M. Þorsteinsson

vallarstjóri segir athöfnina hafa gengið frábærlega vel. „Það var mjög gott veður og góð stemmning. Maggi blessaði hana, formaður mótanefndar KSÍ hélt tölu og Jón Páll og Daníel. En þar sem ég er nú hjátrúarfullur Vestfirðingur langaði mig til að sparka í hælinn á honum þegar formaður mótanefndar tók það fram í sinni tölu að BÍ hafði ekki tapað leik eftir að stúkan var byggð. Hann jinxaði leikinn að mínu mati. Svona segir maður ekki,“ segir Guðjón.

hordur@bb.is



TOYOTA

ALWAYS A
BETTER WAY

MEÐALTAL ER BARA TÖLFRÆÐILEGUR ÚTREIKNINGUR.



VIÐ REIKNUÐUM AVENSIS INN Í ÞITT DAGLEGA LÍF.

AVENSIS WAGON - EKKERT VENJULEGUR

Avensis státar af fágaðri en jafnframt nútímalegri hönnun sem skilar ökumanni og farþegum einstaklega ánægjulegri og hljóðláttri akstursupplifun. Hann er ríkulega búinn staðalbúnaði og er meðal annars með bakkmyndavél, ToyotaTouch-margmiðlunarkerfi og Bluetooth-tengingu.

Avensis er einstaklega rúmgóður, býður upp á mikið farangursrými og er einn sá sparneytnasti í sínum flokki — notar aðeins frá 4,5 lítrum í 100 km í blönduðum akstri. Þá er Avensis búinn sjö loftpúðum auk margvíslegs öryggisbúnaðar sem eykur enn frekar á öryggi þitt og farþega þinna.

Fáðu nánari upplýsingar á www.toyota.is
Erum á Facebook - Toyota á Íslandi

Verð frá 5.055.000 kr.



Toyota Kaupúni
Kaupúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanesbæ
Sími: 420-6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
Selfossi
Sími: 480-8000

Bíllinn á myndinni kann að vera búinn aukahlutum sem ekki eiga við uppgjöfð verð og allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.



Útgefandi: Gúttó ehf., kt. 680501-2620
Afgreiðsla og ritstjórn: Silfurgötu 1, Ísafirði, sími 456 4560
Ritstjóri BB og bb.is: Sigurjón J. Sigurðsson, 892 5362, bb@bb.is
Ábyrgðarmenn: Halldór Sveinbjörnsson, 894 6125, halldor@bb.is
Sigurjón J. Sigurðsson
Blaðamenn: Harpa Oddbjörnsdóttir, harpa@bb.is
Hörður Andri Steingrímsson, hordur@bb.is
Auglýsingar: Halldór Sveinbjörnsson, 894 6125, halldor@bb.is
Prentvinnsla: Litróf ehf.
Upplag: 2.200 eintök
Dreifing: Íslandspóstur. Dreift án endurgjalds inn á öll heimili á norðanverðum Vestfirðum
Stafræn útgáfa: www.bb.is / facebook.com/pages/bb.is
Önnur útgáfa: Á ferð um Vestfirði
ISSN 1670-021X

Tekið er á móti auglýsingum á pósthöfn bb@bb.is.
Auglýsingar þurfa að berast fyrir kl. 17 á mánudögum fyrir útgáfudag sem er almennt á fimmtudögum.

Ritstjórnargrein

Hvert og eitt ár er afar dýrmætt

Í frétt Morgunblaðsins af fundi innanríkisráðherra, Hönnu Birnu Kristjánsdóttur, og vegamálastjóra, Hreins Haraldssonar, málþingi um samgöngumál á Vestfirðum, 21. júní s.l., gat meðal annars að líta, undir fyrirsögninni vestfirskar samgöngur: Þéttbýlisstaðir á Vestfirðum eru einu byggðarlög landsins sem ekki eru í heilsársvegasambandi, hvorki sín á milli né heldur við aðalþjóðvegakerfið.

Langt í frá er að þessi frétt Morgunblaðsins hafi komið á óvart, að minnsta kosti ekki meðal Vestfirðinga. Árum saman, jafnvel oft sinnis á ári, hafa stjórnmöld verið minnt á frumstætt samgöngukerfi innan Vestfjarða og tengslum við svokallaðan hringveg. Hægt hefur miðað til framfara og hraði snigilsins tíðum hafður sem viðmiðun.

Vel til fundið var hjá ráðherra og vegamálastjóra að funda með Vestfirðingum um samgöngumál á lengsta degi ársins, einkallega þegar höfð er í huga afstaða ráðherrans um að leiðin um Teigsskóg verði sett í umhverfismat líkt og aðrir valkostir um legu nýs Vestfjarðavegar í Gufudalssveit. Bjart er yfir hvoru tveggja, lengsta deginum og ákvörðun ráðherrans, sem vonandi ber með sér að hagsmunir fjöðans verði þyngrir á vogarskálunum en þröngir hagsmunir fáeinna einstaklinga.

Yfirlýsing ráðherra um að stefnt væri að því að samgönguáætlun 2011 til 2022 yrði fylgt eftir, er enn fugl í skógi. Í ljósi áratuga biturrar reynslu á setu Vestfjarða í efsta sæti niðurskurðarlista stjórnsvalda, verður að vona að sagan endurtaki sig ekki, telji stjórnmöld sig almennt knúin til að grípa til slíkra aðgerða. Ástæða er til að festa í minni orðin sem Morgunblaðið hafði eftir ráðherranum að loknum fundinum vestra: „Ég reyndi að fullvissa heimamenn um að við hefðum skilning á ástandinu og að stefnt væri að því að standa við þá forgangsröðun sem kemur fram í samgönguáætlun.“ Yfirlýsing ráðherrans um vilja til að stofna samráðshóp um heilsársamgöngur við Árneshrepp féll að sjálfsögðu í góðan jarðveg.

Framkvæmir við Dýrafjarðargöng og alvöruveg yfir Dynjandisheiði verða að haldast í hendur. Dýrafjarðargöng ein og sér gagna lítills meðan skröltast verður yfir heiðina eftir nær sextíu ára gömlum og holóttum vegslóða, ökuferum, ef hægt er að nota það orð, fáeinar vikur á ári hverju.

Um ummæli Vegamálastjóra að hugsanlega yrði hægt að ljúka nýjum Vestfjarðavegi um Gufudalssveit ári fyrir en áætlun gerir ráð fyrir er það eitt að segja að hvert og eitt árið er afar dýrmætt. Þess vegna verður að beita öllum gildum ráðum til að koma í veg fyrir tafir á Teigsskógarleiðinni, sem rík sátt er um á meðal Vestfirðinga. s.h.

Spurning vikunnar

Telur þú að gerð Dýrafjarðarganga hefjist 2015?

Alls svöruðu 305.
Já sögðu 264 eða 52%
Nei sögðu 241 eða 48%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.



Menntaskólinn á Ísafirði.

Stúdentar frá MÍ standa sig vel í Háskóla Íslands

Í samantekt kennsluviðs Háskóla Íslands má sjá að nemendur frá Menntaskólanum á Ísafirði eru mjög ofarlega í nokkrum deildum og efstir í einni þegar skoðuð er dreifing meðaleinkunnna grunnnema við HÍ frá 2008 til 2011. Skoðaðar voru lokaeykiunnir rúmlega 16 þúsund nemenda frá 38 framhaldsskólum. Stúdentar frá MÍ eru með hæstu meðaleinkunnina í matvæla- og næringarfræðideild (8,04), Menntaskólinn við Hamrahlíð kemur þar á eftir (7,74) og síðan Menntaskólinn í Reykjavík (7,56).

Í safnfræði- og heimspekideild eru stúdentar MÍ með aðra hæstu

meðaleinkunnina (7,45) á eftir MR (7,60) og í íslensku- og menningardeild eru þeir þriðju í röðinni (7,50). Nemendur MR eru þar fremstir (7,95) og MH (7,54) næstir.

Í læknaeild eru stúdentar MÍ með fjórðu hæstu meðaleinkunnina (7,80) á eftir MH og MR (7,85) og Menntaskólanum á Akureyri sem er þar í fyrsta sæti (7,95). Jón Reynir Sigurvinsson, skólameistari Menntaskólans á Ísafirði, segist lengi hafa talið að nemendur frá MÍ fari þaðan með gott veganesti til áframhaldandi náms, bæði í bóklegum og verklegum greinum.

„Það er sannarlega ánægjuefni að sjá það staðfest í niðurstöðum rannsókna Kennsluviðs Háskóla Íslands. Niðurstöðurnar segja okkur einnig, að gæði skóla er erfitt að meta út frá árangri nemenda á stúdentsprófum sem byggja á hefðbundnum lokaprófum og þrátt fyrir að skólar velji nemendur eftir einkunum. Hefðbundin próf eru í raun skóla- verkefni sem eiga sér fáar hliðstæður í lífinu sjálfu. Þau reyna gjarna á mjög yfirborðskennda þætti og hafa í raun lítið forspárgildi um hæfni þeirra sem úr framhaldsskólum koma,“ segir Jón Reynir. – harpa@bb.is



Horft yfir Bolungarvík ofan af snjóflóðavarnargarðinum. Ljós. SJS.

15 milljónir í lagfæringar á götum

Í bréfi frá umhverfis- og auðlindaráðuneytinu sem lagt var fram á bæjarráðsfundi í Bolungarvík í síðustu viku kemur fram, að áætlaður heildarkostnaður við lagfæringar á götum

vegna framkvæmda við snjóflóðavarnargarða er 48 milljónir króna. Þar af er hlutur Ofanflóðasjóðs 33 milljónir en kostnaður bæjarfélagsins 15 milljónir.

Elías Jónatansson bæjarstjóri segir að þetta sé svipað og gert var ráð fyrir. Þessar lagfæringar verða kláraðar seinna í sumar eða um leið og malbikunarflokkur verður á ferðinni.

BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS



100% UNGNAUTA-KJÖT
4 stk. 80 gramma **798 KR**
4 stk. 120 gramma **998 KR**
100% ÍSLENSKIR UNGNAUTAHAMBORGARAR



300 KRÓNA
VERDLÆKKUN
1698
KR. 10x120gr
KJARNAFÆÐI FROSNIR
NAUTAHAMBORGARAR
VERÐ ÁÐUR 1998 KR.PK



1598
KR. kg
KJARNAFÆÐIS GRILL
LAMBASIRLOIN SNEIÐAR



2298
KR. kg
KJARNAFÆÐI GRILL LAMBA-
LÆRISSEIÐAR (MIDLÆRI)



159
KR. 4 stk.
XL- HAMBORGARABRAUÐ



3498
KR. KG
NAUTAVEISLU ÞÝKST NAUTA-RIBEY



1898
KR. 450 gr
FROSIÐ ÞÝKST- NAUTA T-BONE



1398
KR. 350 gr
FROSIN ÞÝSK- NAUTA KÓTILETTA



298
KR STK
HEIMA EINNOTA GRILL



198
KR 4 stk
HEIMA GRILL ÁLBAKKAR 4 STK.



298
KR. PK
PÓLSKAR PYLSUR
360 grömm



398
KR. 10 stk
BÓNUS PYLSUR
485 grömm



159
KR. 280gr
5 stk.
PYLSUBRAUÐ



109
KR. 500 ml



79
KR. 500 ml



79
KR. 33cl



OS SAMLOKUOSTUR
Í SNEIÐUM VERÐ ÁÐUR 1598 KR.KG
300 KR.
VERDLÆKKUN

1298
KR. kg



579
KR. 3 x 200gr



26 SNEIÐAR
SAMLOKAN
ÁÐEINS 20 KR.

259
KR. 1 KG



1198
KR. KG



198
KR. 1 ltr.

BONUS EKKERT BRUÐL

Hér færðu veltutengda
VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

Tilfæringar í nefndum og ráðum Ísafjarðarbæjar

Á síðasta fundi bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar voru nýir fulltrúar kosnir í nokkrar af nefndum bæjarins í stað þeirra sem frá eru að hverfa vegna annarra starfa. Auk þess voru kosnir tveir skrifarar bæjarstjórnar og tveir til vara.

Í félagsmálanefnd tekur Björn Davíðsson sæti í stað Ara Klængs Jónssonar. Í fræðslunefnd tekur Hólmfríður V. Svavarsdóttir sæti í stað Ólafar Hildar Gísladóttur. Guðný S. Stefánsdóttir kemur inn sem aðalmaður í barnaverndarnefnd í stað Hafðísar Gunnarsdóttur og Gerður Eðvarsdóttir kemur inn sem varafulltrúi í stað Guðnýjar S. Stefánsdóttur. Martha S. Örnólfsdóttir kemur inn sem varamaður í umhverfisnefnd í stað

Marons Péturssonar.

Tillaga kom fram frá meirihluta B-lista og D-lista um að Albertína F. Elíasdóttir á B-lista verði forseti bæjarstjórnar en fleiri tillögur komu ekki fram. Þá kom fram tillaga frá meirihluta B-lista og D-lista um Gísla H. Halldórsson á D-lista sem 1. varaforseta bæjarstjórnar og tillaga frá minnihluta Í-lista um Jónu Benediksdóttur á Í-lista sem 2. varaforseta. Þessar tillögur voru samþykktar.

Gísli H. Halldórsson forseti bæjarstjórnar óskaði eftir tillögum um þrjá aðalmenn og þrjá til vara í bæjarráð Ísafjarðarbæjar. Meirihluti B-lista og D-lista lagði fram tillögu um Gísla H. Halldórsson og Albertínu F. Elíasdóttur sem

aðalmenn og Guðfinnu Hreiðarsdóttur og Marzellíus Sveinbjörns-son sem varamenn. Minnihluti Í-lista lagði fram tillögu um Örnú Láru Jónsdóttur sem aðalmann og Kristján Andra Guðjónsson sem varamann. Báðar tillögurnar voru samþykktar.

Að lokum óskaði Gísli H. Halldórsson eftir tillögum um tvo skrifara bæjarstjórnar og tvo til vara. Tvær tillögur komu fram og væru þær báðar samþykktar. Tillaga kom fram frá meirihluta B-lista og D-lista um Kristínu Hálf-dánsdóttur og til vara Guðfinnu Hreiðarsdóttur, og frá minnihluta Í-lista kom fram tillaga um Kristján Andra Guðjónsson og til vara Örnú Láru Jónsdóttur.



Stjórnsýsluhúsið á Ísafirði.



Shiran Þórisson, framkvæmdastjóri Atvinnuþróunarfélagsins.

Vettvangur auglýsinga og kvikmynda á Vestfjörðum?

„Við erum að skoða möguleika á að auka eða koma af stað upptökum á kvikmyndum, þáttaröðum og auglýsingum á Vestfjörðum. Þegar er búið að sjá nokkur verkefni sem gætu orðið að veruleika á næstu einu til tveimur árum,“ segir Shiran Þórisson, framkvæmdastjóri Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða, aðspurður hvort spennandi verkefni séu í deigluinni hjá félaginu.

Einnig er verið að vinna að töluvert stóru fjárfestingaverkefni í ferðaþjónustu sem snýr að norðanverðum Vestfjörðum og von er á fulltrúum erlendra fjárfesta í sumar, að sögn Shirans. Hann segir að ekki sé hægt

að greina nánar frá þessum verkefnum að svo stöddu. Einnig eru önnur spennandi verkefni í smíðum. Verið er að skoða ýmsa vaxtarbrodda á svæðinu sem vonandi munu skila sér í aukinni atvinnustarfsemi á komandi misserum.

Í sumar verður einnig lögð á það áhersla hjá Atvinnuþróunarfélaginu að vinna að atvinnulífs- og samfélagslegum greiningum og hafa verið ráðnir þrír sumarstarfsmenn til að vinna að þeim verkefnum. Þau eru unnin í nánú samstarfi við Fjórðungssamband Vestfirðinga þar sem þau snúa að vinnu sem er hluti af Sóknaráætlun Vestfjarða 2013.

hordur@bb.is



Landað úr Júlíusi Geirmundssyni ÍS.

Tækifæri og ógnanir í atvinnulífi Ísafjarðarbæjar

„Það er lítill hagvöxtur og stöðnun á svæðinu og afkoma fyrir-tækja í kjölfar efnahagshruns hefur leitt til ákveðinnar stöðunar í atvinnulífinu. Fyrirtæki svæðisins hafa takmarkaða getu til að fjárfesta mikið í rannsóknum, þróun og nýsköpun til að örva efnahagslegan vöxt á svæðinu,“ segir í atvinnuálastefnu Ísafjarðarbæjar um stöðu atvinnulífs. Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða hefur unnið að atvinnulífsgreiningum Vestfjarða og eru ákveðin lykilatriði dregin saman úr greiningunni ásamt mati á stöðu atvinnulífs Ísafjarðarbæjar.

Það sem ógnar atvinnulífinu helst er að það byggir á úthlutuðum gæðum sem auðvelt er að flytja til og byggir á takmarkaðri auðlind sem er háð náttúrulegum aðstæðum. Hagkerfið er mjög

næmt fyrir öllum breytingum á þessari auðlind.

Minni fiskur er unninn á svæðinu og verðmætasköpun sem byggist á auðlindum svæðisins flyst í auknum mæli til annarra framleiðslusvæða sem búa við betri rekstrarskilyrði og samkeppnishæfni. Skortur er á störfum fyrir ungt, menntað fólk og hár flutnings- og ferðakostnaður hefur áhrif á samkeppnisstöðu.

Svæðið er of háð gjaldeyrisstjórnun þar sem atvinnugreinar svæðisins eru útflutningsmiðaðar. Aðgengi að fjármagni til uppbyggingar atvinnulífs er takmarkað og svæðið hefur lítill áhrif á opinberar ákvarðanir.

Hægt er að styrkja ímynd svæðisins sem hágæða matvælaframleiðslusvæði og vinna meiri verðmæti úr sjávarauðlindum

svæðisins. Þá er bæði átt við þann afla sem nú þegar er landað í sveitarfélaginu og nýjar sjávarafurðir sem hægt er að framleiða í þessum náttúrulegu aðstæðum sem svæðið hefur upp á að bjóða.

Miklir möguleikar eru á að nýta náttúrulegar aðstæður til frekari uppbyggingar á ferðaþjónustu og sjávarútvegi, styrkja og stækka háskóla, rannsóknar- og nýsköpunarsamfélag.

Þetta getur skapað ný fyrirtæki og nýjar atvinnugreinar sem auka á fjölbreytileikann í atvinnulífinu. Þau tækifæri sem skapast með beinum millilandaflutningum frá Ísafjarðarhöfn þarf að fullnýta, meðal annars í frekari vinnslu sjávarfangs og í öðrum útflutningsmiðuðum framleiðslugreinum.

– hordur@bb.is

AGA

VIÐ ERUM SÉRFRÆÐINGAR Í GASÍ

Þú getur verið afslappaður og öruggur við grillið með AGA gas. Öruggur um að þú ert að nota gæðavöru og að þú fáir góða þjónustu þegar þú þarft áfyllingu á gashylkið, hvort sem þú heimsækir umboðsmenn eða söluaðila AGA.

Sem stærsti söluaðili própangass á norðurlöndunum býður AGA upp á margar stærðir og gerðir gashylkja. Sérfræðingar AGA geta veitt þér góð ráð um hvaða hylki hentar best miðað við aðstæður og hvernig best er að meðhöndla própangas.

Farðu á www.gas.is og finndu nálægan sölustað eða sæktu öryggisleiðbeiningar og fáðu upplýsingar um AGA gas.



Söluumboð ÍSAGA:
Pröstur
Marzellíusson
Ísafirði

ÍSAGA ehf. • www.gas.is
Breiðhöfða 11 • 110 Reykjavík • Sími 577 3000



Umboðsmenn ÍSAGA ehf:
Selfoss: Vélaverkstæði Þóris, s. 482 3548. **Vestmannaeyjar:** Bíla- og vélaverkstæðið Nethamar, s. 481 3226.
Sauðárkrúkur: Byggingarvörudeild Kaupfélags Skagfirðinga, s. 455 4626. **Ísafjörður:** Pröstur Marsellíusson hf, s. 456 3349.
Akureyri: Sandblástur og málmhúðun hf, s. 460 1515. **Reykjavík:** Verslun BYKO, s. 470 4200.

Söluaðilar ÍSAGA ehf. á höfuðborgarsvæðinu:

ÍSAGA ehf, Breiðhöfða 11 • Verslanir BYKO • Atlantsólía, Kópavogsbraut • Garðheimar, Mjódd • Kænan, Óseyrarbraut 2, Hafnarfirði




Sundlaugin á Suðureyri

Skoða vinnslu á humarskel á Ísafirði

„Ég var að leita mér að einhverri aðferð, hvað ég gæti gert við þetta annað en að urða þetta því ég er með sorphirðu í Vestmannaeyjum þar sem rækjuskel fellur til. Þessu er bara hent í augnablikinu. Það má ekki urða restina í Eyjum, það er hægt á Sölvabakka við Blönduós. Það er næsti urðunarstaður sem tekur á móti þessu. Ég er að bíða eftir verði á flutningi í gámum og sjá hvort það sé eitthvert vit í

þessu,“ segir Sigurður Óskars-son hjá verktakafyrirtækinu Kubbi á Ísafirði. Verið er að skoða möguleikann á því að þurrka humarskel í rækjuverk-smiðjunni Kampa á Ísafirði og búa til einhver verðmæti úr henni.

Í humarskelinni eru svipuð efni og í rækjuskelinni en Kampi er með framleiðslu á rækjumjöli úr því hráefni sem leggst til við rækjuvinnslu fyrirtækisins á



Jón Guðbjartsson hjá Kampa við rækjumjölið góða.

Endurbæturnar gætu kostað um 150 milljónir

Framkvæmdir við sundlaugin á Suðureyri eru það umfangsmiklar, að Jóhann Birkir Helgason, sviðsstjóri framkvæmda- og rekstrarsviðs Ísafjarðarbæjar, sem var falið að gera kostnaðar-áætlun vegna endurbóta, leggur til að farið verði í grófhönnun með arkitekt og verkfræðistofu þannig að betur sé hægt að átta sig á umfanginu. Gróflega má áætla að kostnaður við lagfæringar og breytingar kosti um 150 milljónir króna.

Í minnisblaði til bæjarins segir Jóhann Birkir meðal annars: „Sundlaugin á Suðureyri er orðin mjög léleg, sundlaug, pottar, girðing, allar lagnir til og frá sundlaug og pottum eru ónýtar. Einnig vantar sandsíur, dælubúnað og húsnæði undir allan þann búnað sem til þarf.“

Gróflega áætlað mun hreinsis- og dælubúnaður kosta á bilinu 25-30 milljónir, húsnæði fyrir hreinsibúnað um 15-20 milljónir, endurnýjun lagna í sundlaug og

potta 5-10 milljónir og endurnýjun á pottum og barnavaðlaug 20-30 milljónir. Endurnýjun og lagfæring á sundlaug mun kosta nálægt 15-25 milljónum og útiklefar 5-10 milljónir. Girðing umhverfis svæðið hleypur á 5-10 milljónum og hönnun og eftirlit 10-15 milljónir. Gert er ráð fyrir 15-20 milljónum í aðra ófyrirséða hluti.

Áður en kostnaðaráætlun verður unnin þarf að taka ýmsar ákvarðanir, samkvæmt minnisblaðinu, meðal annars hvort sundlaugin verði endurgerð eins og hún er eða hvort eigi að endurgera hana þannig að hún uppfylli skilyrði kennslulaugar. Þá yrði að breyta dýptinni í grynri enda laugarinnar. Ætti að fresta endurnýjun sundlaugarinnar og leggja áherslu á potta, barnalaug og útisvæði þannig að umframvatnið frá OV dugi til kyndingar? Er ástæða til að skoða stækkun á búningsaðstöðu, t.d. með útiklefum eða slíku?



Til sölu hjólhýsi

KNAUS DESEO Eifelland árg. 2008. Hýsið er aðeins 700 kg. og hentar því mjög vel aftan í alla bíla. Hýsið er vel útbúið með ísskáp, klósetti, eldavél, gasmiðstöð, rafmagns pílofni og blásturshitafni. Flugnanet og myrkvunargardínur fyrir öllum gluggum. Gass- og reykskynjarar. Nýtt stórt fortjald, eggjabakkadýna og ýmislegt fl.

Svefnpláss fyrir 4, þ.e. borðkrókur sem breytist í hjónarúm og svo koja.

Ásett verð 1.790 þús. Hagstætt bílaláni fyrir hluta kaupverðsins.

Frekari upplýsingar í síma 8921688.

Ísafirði. Áður þótti það heyra til úrgangs og var aukakostnaður hjá rækjuvinnslunni. Rauður litur mjölsins ku einnig gera efnið eftirsótt til fódurgetrar fyrir fiskeldi. Verkefnið er ekki langt á veg komið en starfsmenn Kampa óskuðu eftir að fá senda prufu til að kanna möguleikann á að gera eitthvað sambærilegt við humarskelina. Hugsanlega verður hægt að vinna efni úr skelinni sem notað er í fæðubótarefni og fleira.

Þetta getur verið spennandi verkefni að sögn Sigurðar enda er tilvalið að reyna að skapa verðmæti úr því hráefni sem til fellur í staðinn fyrir að urða það með tilheyrandi kostnaði.

hordur@bb.is

smáar

Brúnt seðlaveski tapaðist á Ísafjarðarsvæðinu sunnudaginn 23. júní með peningum og rauðu debetkort. Finnandi vinsaml. hringi í síma 456-3769 eða 863-3069. Fundarlaun.

Fólk er ekki fífl

Þessi fyrrsögn er fengin að láni úr DV. Telja verður að rétt sé haft eftir Árna Páli Árnasyni formanni Samfylkingarinnar hinn 2. febrúar 2013. Meðal þess sem eftir honum er haft innan tilvitnunarkerkjá er eftirfarandi: „Fólk er ekki fífl, það gerir sér alveg grein fyrir því hvernig raunveruleikinn er.“ Hent hefur ýmsa fjölmiðla að hafa ekki nákvæmlega rétt eftir. En DV er fjölmiðill og kveðst sem slíkur við ýmis tækifæri vera vandur að virðingu sinni. Þess eru dæmi að fjölmiðlar misfari með orð viðmælenda sinna. Vart getur svo verið þegar skoðað er hverjir eiga hér í hlut. Fyrrisögnin vekur þá tilfinningu að umræddur stjórnmálamaður beri traust til kjósenda. Einmitt þess vegna hafa viðbrögð hans við stórkostlegasta kosningaósigri á Íslandi vakið umhugsun. Í tali fyrrum formanns hins tapflokksins eftir samfellda rúmlega fjögurra ára setu fyrstu vinstri ríkisstjórnar, má greina gremju ef grannt er hlustað. Hún beinist að því að kjósendur hafi ekki metið þessa stórkost(u)legu ríkisstjórn Vinstri grænna og Samfylkingar að verðleikum. Blessaðir kjósendurnir hafi bara ekki skilið heppni sína og hamingju að hafa átt slíkri stórkostastjórn að fagna. Leggi menn sig enn frekar fram við hlustunina og taki vel eftir því sem höfundur fyrrisagnar þessarar

fyrrisagnar hefur sagt á alþingi, má greina álíka gremju.

Í sömu umfjöllun hins virta fjölmiðils sem hér er vísað til lýsti formaður Samfylkingarinnar því að hafa fundið þá tilfinningu mjög víða hjá flokksfólki, að það hafði áhuga á breytingum. Það hefði verið uppgæfið á stjórnmálamenningunni og fundist að þessi burðarflokkur frjálslyndis og jafnaðar ætti að vera í fararbroddi, brjótandi niður „virkirðingar“ í stað þess að taka þátt í stríðinu.

Fóðlegt verður að sjá hvernig formanni Samfylkingarinnar tekst til með niðurbrotið. En hann reyndist hafa rétt fyrir sér. Þreytt gætti, að minnsta kosti hjá kjósendum Samfylkingarinnar. Vera kann að þau mörgu stríð, sem hann kvað Samfylkinguna hafa háð á síðasta kjörtímabili, hafi verið orsökina. En við hvern háði hún stríð? Vinstri græna? Kjósendur eða þáverandi stjórnarandstöðu? Fólk er ekki fífl, að minnsta kosti er það oftast svo. En svo þreyttir voru kjósendur að þeir sneru sér annað með atkvæðið sitt í stórum hópum og fráfarandi ríkisstjórn naut þess ekki. Þessa staðreynd ættu bæði stjórn og stjórnarandstaða að hafa í huga á því kjörtímabili sem er nýhafið. Nýir ráðherrar eiga marga klækina ólærða, en þeirra þarf ekki.

Stakkur skrifar

Stakkur hefur ritað viku-lega pistla í **Bæjarins besta** í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og málefnum hafa oft verið umdeildar og vak- ið umræður. Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrif- um **Stakks** á meðan hann notar dulnefni sitt.

Dýrfirðingar kynna:

Verið
hress,
ekkert
stress...

Fjölskyldu-, &
menningar-
hátíð

Dýra
Fjarðar
dag



5.-7.
júlí
2013

SÚPA Í GARÐI
-HLÍÐARGATA & HRUNASTÍGUR
VÍKINGAR, BÁTSMENNING, HOPPUKASTALAR,
SÖLUBÁSAR, GRILLVEISLAN Á VÍKINGASVÆÐINU,
ANDLITSMÁLUN, FJÖLBREYTT DAGSKRÁ
VEITINGASTAÐA, SVAVAR KNÚTUR, HLJÓMSVEITIN
YLJA, DANSLEIKUR MEÐ HLJÓMSVEITINN SÓLON,
TÓNLEIKAR Í ÞINGEYRARKIRKJU, LAUTARFERÐ
Í SKRÚÐ, BARNASKEMMTUN, STUTTMYNDASÝNING,
HESTAR, HARMONIKKUTÓNLIST
& MARGT FLEIRA SKEMMTILEGT



HLÖKKUM TIL AÐ TAKA
Á MÓTI YKKUR



Föstudagurinn 5. júlí

Stigamót í strandblaki á vellinum við Íþróttamiðstöðina. Skráning og nánari upplýsingar um tímasetningu er að finna á www.strandblak.is

Kl. 10:00 – 11:30 Morgunverðarhlaðborð á Hótel Sandafelli.

Kl. 10:00 – 20:00 Simbahöllin opin. Listsýningar. Súpa, kökur, belgiskar vöffur, kaffi, heitt súkkulaði og fleira. Marokkóskur lambapottréttur í boði frá kl. 18:00.

Kl. 18:00 – "Setning Dýrafjarðardaga 2013 á þaki Hljóðfærasafns Jóns á Brekkugötu 26. Bilskúrstónleikar og léttar veitingar.

Kl. 20:00 – Bryggjusúpa frá Hótel Sandafelli. Sjávarréttasúpa og léttar veigar. Best að vera ótrúlega vel klædd!

Kl. 22:00 – "Stuttmyndasýning í Félagsheimilinu á Þingeyri. Sýndar verða tvær myndir sem teknar hafa verið hér á Vestfjörðum. „Best of Imbinn“ eftir Janus Braga Jakobsson hins vegar (sjá nánar: <https://www.facebook.com/pages/imbinn/187194022229>) og annars vegar „Skolliales“ eftir Hauk Sigurðsson en í þeirri mynd má m.a. annars rekast á Zófonías á Læk og Mýrabændur. Myndin er tekin 2012. Nánari umfjöllun má finna á: <http://haukursig.com/skolliales/>

Kl. 22:00 – 00:00 – "Go-kart á „planinu“ fyrir 12-18 ára og báta sprell í höfninni fyrir þá sem þora í sjóinn. Boðið upp á hressingu, tónlist og fjör.

Kl. 23:00 – 03:00 – Simbahöllin - Gummi Hjalta spilar og syngur frá kl. 23:00. Bragðgöðir Dýrafjarðar-kokteilar í boði!

Laugardagurinn 30. júní

Kl. 10:00 – "Gengið á sögusöfnunina í Haukadal undir leiðsögn Þóris Arnar Guðmundssonar. Kjötsúpa í boði í lok ferðar.

Kl. 10:30 – 11:30 – Morgunverðarhlaðborð á Hótel Sandafelli.

Kl. 10:00 – 13:00 – Daggæsla á leikskólanum Laufási. Starfsfólk leikskólans býður upp á daggæslu á leikskólanum. Kostnaður er 1000 kr. á barn og innifalinn er léttur hádegisverður.

Kl. 10:00 – 18:00 – Simbahöllin opin. Listsýningar. Súpa, kökur, belgiskar vöffur, kaffi, heitt súkkulaði og fleira.

Kl. 11:30 – Vestfjarða vikingurinn, Núpur Guesthouse.

Kl. 11:30 – 13:00 – Súpa í garði – Hrunastígur og Hlíðargata. Allir velkomnir.

Kl. 13:00 – "Dýrafjarðardaga fótboltamót á Þingvelli. Skráning hjá Jóni Þorra á facebook eða í síma: 848-6644

Kl. 13:00 – 16:00 – Vélsmiðja G.J.S opin.

Kl. 13:00 – 17:00 – Í Gamla kaupfélaginu (Gramsverslun) - "Bændadagur". Bændur í héraði kynna starfsemi sína. Grillvagn Landssamtaka Sauðfjörðarbænda verður á staðnum. Allir velkomnir.

Kl. 14:00 – "Morrinn sýnir barnasýningu í Félagsheimilinu. Athugið að aðgangseyrir er 1000 kr. fyrir þá sem eru ekki með armband á hátíðina.

Kl. 14:00 – 15:30 – Dagskrá um Kristínu Dahlstedt á Hótel Sandafelli. Sett verða upp tvö sýningarþjöld um Kristínu og Magnús Hjaltonson og veitingarekstur hennar. Erindi flytja: Reynir Ingibjartsson, Auður Styrkarsdóttir og Valdimar Gíslason á Mýrum. Þá verður að loknu kaffi farið í hópförð sem Valdimar leiðir. Menningarráð Vestfjarða styrkir viðburðinn. Allir velkomnir.

Kl. 14:00 – 17:00 – "Sölutjald, hoppukastalar, hestar fyrir börnin, bátsferðir með Björgunarsveitinni, kajakferðir og margt fleira skemmtilegt við Íþróttamiðstöðina og smábátahöfnina.

Kl. 14:00 – 18:00 – Go-kart. Verð er 2500 kr. fyrir 10 mínútur. (Opnar aftur frá kl. 21:00 – 23:00)

Kl. 15:00 – "Harmonikkumúsik við sölutjald. Harmonikkukarlarinn, Lóa og Lini leika fyrir gesti.

Kl. 16:30 – "Lifandi tónlist" í Hallargarðinum með hljómsveitinni Móru Feminista, flutt verða íslensk og erlend tónlist úr ýmsum áttum.

Kl. 15:30 – Vestfjarða vikingurinn, Vikingasvæðið Þingeyrarodda.

Kl. 17:00 – "Kassabíllarally. Veglegir vinningar í boði fyrir þrjú efstu sætin. Þeir í liði 16 ára og yngri. Kerruhlaup á eftir, hvetjum feður jafnt sem mæður að taka þátt, og ömmu/afa!

Kl. 19:00 – 23:00 – "Grillveisla og kvöldvaka á Vikingasvæðinu. Meðal þeirra sem koma fram eru Arnar Logi og Agnes, hljómsveitin Hörnung frá Ísafirði, tónlistarmaðurinn Svavar Knútur, hljómsveitin Ylja, hljómsveitin Sólón, ásamt fleirum. Einnig verða afhent hvatninga verðlaun Bændasamtakanna.

Kl. 21:00 – 23:00 – Go-kart. Verð er 2500 kr. fyrir 10 mínútur.

Kl. 22:00 – 03:00 – Simbahöllin- Barinn opin.

Kl. 24:00 – Stórdansleikur í Félagsheimilinu. Hljómsveitin Sólón leikur fyrir dansi. Aldurstakmark 18 ár, miðað er við afmælisdag. Kr. 2500.

Sunnudagurinn 7. júlí

Kl. 10:30 – 11:30 – Morgunverðarhlaðborð á Hótel Sandafelli.

Kl. 10:00 – 22:00 – Simbahöllin opin. Listsýningar. Súpa, kökur, belgiskar vöffur, kaffi, heitt súkkulaði og fleira. Marokkóskur lambapottréttur í boði frá kl. 18:00.

Kl. 13:00 – 16:00 – Vélsmiðja G.J.S opin.

Kl. 13:00 – 14:00 – "Lautarferð í Skrúð, leiðsögn um garðinn og kaffi og með'i í boði. Notalegt að hafa með sér teppi til að sitja á.

Kl. 14:00 – 17:00 – "Sölutjald, hoppukastalar, hestar fyrir börnin, bátsferðir með Björgunarsveitinni, kajakferðir og margt fleira skemmtilegt við Íþróttamiðstöðina og smábátahöfnina.

Kl. 15:00 – 17:00 – Kaffihlaðborð á Hótel Sandfelli.

Kl. 15:00 – "Dorgveiði keppni á ytri bryggjunni.

Kl. 16:00 – "Stuttmyndasýning í Félagsheimilinu á Þingeyri. Sýndar verða tvær myndir sem teknar hafa verið hér á Vestfjörðum. „Best of Imbinn“ eftir Janus Braga Jakobsson hins vegar

(sjá nánar: <https://www.facebook.com/pages/imbinn/187194022229>) og annars vegar „Skolliales“ eftir Hauk Sigurðsson en í þeirri mynd má m.a. annars rekast á Zófonías á Læk og Mýrabændur. Myndin er tekin 2012. Nánari umfjöllun má finna á: <http://haukursig.com/skolliales/>

Kl. 17:00 – "Síðdegistónleikar í Þingeyrarkirkju. Ísabella Leifsdóttir syngur létt sönglög og ariur og við undirleik Tuuli Rähni pianóleikara.

Sala aðgöngumiða fer fram í Upplýsingamiðstöðinni, í sölutjaldinu á lau. og sun., og á kvöldvöknunni.

Viðburðir merktir með * eru innifaldir í miðaverði Dýrafjarðardaga.

Fullorðinn: 2.900.- Barn á grunnskólaaldri: 1.500.- Barn á leikskólaaldri: ókeypis aðgangur

Dansleikur og armband: 5000.-

Eftirtaldir aðilar lögðu Dýrafjarðardögum lið:

Brautin sf

Dýrfirskur hf.

Hekla söluumboð, Ísafirði

Hamóna ehf.

Hamraborg

Hótel Ísafjörður

Hótel Sandafell

Húsið, Ísafirði

Núpur Guesthouse

Ísafjarðarbær

Íslandsbanki

Jón & Margeir

Kjarnasögun

Koltra Handverk

Kvenfélag Mýrarhrepps

Kvenfélagið Von

Landsbankinn

Mjólkursamsalan

Orkubú Vestfjarða

Svalvogar ehf.

Simbahöllin

S.E. ehf.

skeggi.is

Sjóvá Almennar

Tengill sf.

Tækniþjónusta Vestfjarða

Véla,-og bílaþjónusta Kristjáns

VÍS

Við Fjörðinn

Visir hf.

Einnig viljum við þakka Dýrfirðingum

heima og að heiman fyrir að gera

hátíðina sem glæsilegasta!



Pétur Georg Markan er Reykavíkingur sem var alltaf á leiðinni vestur, með beinum eða óbeinum hætti. Sonur Ísabellu og Harðar og bróðir Ísabellu og Karlottu. Hálfbróðir Helenu og örvhentur þegar hann þarf að vanda sig. Hann er uppalinn í Smárbúðahverfinu í Reykjavík og sleit þar einhverjum hamingju-sömustu barnsskóm sem um getur þar sem hann spilaði fótbolta frá morgni til kvölds, stríddi stelpunum, bjó til leynifélög, stóð fyrir verkföllum í skólanum og gerði dyraat í elliblokkinni þegar dregið var í lottóinu. Þessir einföldu hlutir gerðu þjattaðan borgarpúka að konungi heimsins, svo lengi sem sólin skein og mamma kallaði ekki á hann inn í mat. Hann býr nú í Súðavík ásamt lífsförunaut, Margréti Lilju Vilmundardóttur, Herði Markúsi Markan syni þeirra og systursyninum Flóka Hrafni Markan sem þau eiga og annast ásamt au-pair-móður Péturs, Ísabellu Friðgeirsdóttur.

Lífsgæði æskunnar

„Mamma vann lengst af sem dagmamma á mínum yngri árum og ef það var eitthvað sem hafði meira mótandi áhrif á mig en annað, þá var það að herbergið mitt var einnig herbergi barnanna sem mamma passaði. Það þýddi að mitt dót var einnig þeirra dót, mitt rúm var þeirra rúm og mitt svæði var þeirra svæði. Að læra að deila, en ekki drottina, að þroska með sér skilning á sameiginlegum auðlindum, sem í þessu tilfelli voru leikföng, að geta lifað og hræst í kringum sameiginlegan auð og skapað verðmæti sem er öllum til lífsgæða, er eitthvað sem ég bý að alla ævi,“ segir Pétur um auðævi æskunnar, en mikil straumhvörf urðu í lífi hans þegar hann flutti vestur í fyrsta skipti í kringum tvítugt. Hugmyndin var að koma og spila fótbolta og klára það litla sem hann átti eftir til stúdentsprófs.

Það er kannski ofmat að segja að Pétur hafi verið að koma í fyrsta skipti vestur í kringum tvítugt, þar sem hann eyddi mörgum sumrum fyrir vestan hjá Rauðakross-abbadís númer eitt og sínum

jafnaðarmannamentor, Bryndísi Friðgeirsdóttur á Ísafirði, og hennar fjölskyldu.

„Bryndís er náskyld mér, systir móður minnar, og samgangur milli fjölskyldna var mikill. Ég og Þorsteinn Másson vorum mikið saman á þessum árum, brölluðum eitt og annað, og má segja að hámarki æskugleðinnar hafi verið náð þegar Steini skeit bæði í buxurnar og skóna á ónefndri heiði eitt sumarið við mikinn fögnuð samferðardrengja,“ segir Pétur. Hann og Steini hafa fylgst að síðan í gegnum tíðina og aldrei hefur verið meira en einn sýslumaður á milli þeirra.

„Engu að síður hafði ég aldrei komið vestur til að vera um lengri tíma, fyrr en þarna, rétt orðinn tvítugur. Það er of langt mál að rifja þau ár upp, en þó verður að segjast að á þessum tíma fann ég kompásinn sem síðan hefur vísað mér í gegnum lífið, jafnvel alla leið hingað. Fyrir það er ég eilíflega þakklátur og sérstaklega því fólki sem tók mig undir sinn verndarvæng. Sjálfsgætt varð ég Vestfirðingur á þessum árum og verð ekkert annað hér eftir. Blessunarlega.“

Háskólinn

Pétur ákvað að innrita sig í guðfræðideild Háskólans eftir stúdentspróf. „Ég veit ekki ennþá hvers vegna, en verð með hverjum deginum ánægðari með þá ákvörðun. Háskólaárin voru einn samfelldur lærdómur, þó minnst hafi hann verið fenginn úr geistlegum ritningum, sngnum sálum eða pápískum hugleiðingum. Ég sökkkti mér aðallega í háskólapólitík, gekk til liðs við Röskvu og var ósigrandi í framboði. Sinni stöðu framkvæmdastjóra Stúdentaráðs, varð stofnfélagi í Feministafélagi Háskólans, hélt Októberfest á sterum, sinni stöðu formanns Ungra jafnaðarmanna í Reykjavík, fór í þingframboð og endaði sem varaþingmaður. Svo eitthvað sé nefnt,“ segir Pétur.

Svo útskrifaðist Pétur einn daginn með fyrstu einkunn, BA í guðfræði. Það gefur gleggri mynd af skólagöngunni en nokkuð annað, að á útskriftinni þurfti að lesa nafnið Pétur Georg Markan upp allmörgum sinnum áður en

„Brillað“ í Súðavík

hann sleaðist upp á svið, enda var hann upptekinn við að sjá um útskriftarathöfnina ásamt samstarfsfólki sínu á Markaðs- og samskiptasviði Háskólans.

„Ég var einhvern veginn að sinna öllu öðru en náminu. Á Markaðs- og samskiptasviði Háskólans kynntist ég líka frábærum yfirmanni sem kenndi mér margt og mikið, einna helst það að eiga eldheita ástríðu fyrir viðfangsefninu, óbilandi áhuga á verkefninu. Og það sem maður gerir, það gerir maður á fullri ferð. Alltaf fulla ferð! Jón Örn Guðbjartsson er maður sem fullmannar sjö manna bíl af krafti, fagmennsku og mefn- aði, hann er mikil fyrirmynd hjá mér,“ segir Pétur, sem vonast til að klára, vonandi áður en langt um liður, meistaranám í opinberri stjórnsýslu, sem hann les í fjarnámi við Háskóla Íslands.

Boltinn

Pétur hefur spilað fótbolta frá því hann man eftir sér. Þar koma sjálfsagt til syndir feðranna en faðir hans hafði mikla gleði af fótbolta, sparkaði sjálfur talsvert og átti farsælan feril með KR.

„Það var því einboðið að ég gengi sama sparkslóða, var settur á æfingar áður en ég lærði að segja nei og þar við sat. Hann ætlaði reyndar að nefna mig Pele til að tryggja gæðin, en þá greip mamma inn í málið með atfylgi mannanafna- nefndar. Ég veit ekki hvort mannanafnatryllirinn og íslenskuútvörðurinn Mörður Árnason, félagi minn í Samfylkingunni, hefði tekið það í mál að *Mörður færi út af þingi og Pele kæmi inn í hans stað*. Það er nú ekkert gamanefni að rifja upp ferilinn lið fyrir lið, enda sjálfsagt aðrar hetjur betur til þess fallnar. Svo hljómar fátt meira eins og suð en þreyttar fótboltakempur með bogadregna fætur, að rifja upp oft og iðulega sömu söguna upp í veikri von um að einhver leynist þarna úti sem hafi ekki heyrt hana áður. Jói Torfa er sjálfsagt eini maðurinn á Íslandi sem getur þetta og gerir vel, við hinir verðum að bara segja sögur af einhverju öðru.“

Pétur finnst hins vegar hafa

verið mikill heiður og upphæfð að klára ferilinn hérna fyrir vestan, þar sem hann hófst á sínum tíma. Að vera fyrirlíði Djúpmanna er sér dálkur í ferilskránni, og það er einstakt að hafa fengið að taka þátt í þeim uppgangi sem einkennir vestfirskan fótbolta, að hans sögn.

„Ég vona að þó menn setji markið hátt, þá hugi þeir einnig að niðurleiðinni. Það er enginn áfangi í sjálfu sér að ná á toppinn á Everest án þess að hafa áætlun til þess að komast niður. Þá verður maður ekkert nema lík í vegkantinum, sem verður um aldur og ævi öðrum víti til varnaðar. Í draumnum má fallið ekki vera falið, þó svo Steinn Steinarr hafi ort um það fallega. Vestfirskur fótbolti þarf að vera sjálfbær frá ári til árs, án þess að gengi liðsins í mótum hafi þar úrslita- áhrif. Þessi sjálfbærni næst nær eingöngu með markvissri styrkingu yngriflokka- starfs, stefnufestu þegar kemur að ungum leikmönnum sem þurfa leikreynslu og tækifæri, faglegri umgjörð og ábyrgum rekstri. Ég hef fulla trú á að vestfirskur fótbolti stefni í þessa átt í fram- tíðinni enda mikill hugur í forráðamönnum félagsins að gera betur sem aldrei fyrr,“ segir Pétur, sem sér fyrir end- ann á farsælum ferli með sátt í hjarta. Þó er hann ekki alveg dauður úr öllum æð- um enn og ber enn fyrirlíða- bandið þegar hann er inni á vellinum.

Pólitíkin

„Ég hef verið pólitískur frá fyrsta degi. Þó ég geti ekki staðfest það, þá hef ég örugglega kvartað yfir að- búnaði á vökudeildinni, komið mér lævislega í mjúk- inn hjá yfirljósunni, krafist tíðari gjafa og farið í framboð fyrir sams konar þenkjandi kornabörn. Það er þráður sem hlykkjast í gegnum allt mitt líf. Hann er rauður, og hann er pólitískur. Það er dapurt að á seinni tímum hafi hugtakið pólitík verið atað aur og öðrum neikvæðum formerkjum. Það er mikill mis- kilningur að halda því fram að pólitík sé slæmur hlutur. Hún á þvert á móti að vera aflvaki framfara og varð- hundur réttlætis. Hún á að

vera hjartsláttur lýðræðisins, sem er það stórkostlegasta sem mennirnir hafa fundið upp,“ segir Pétur. Hann segir t.d. pólitík að berjast fyrir göngum á Vestfjörðum og það fjandi góða pólitík. „Ef við ætlum að lifa hérna og blómstra, þá verðum við að stunda ákafa, ágenga og umfram allt heiðarlega póli- tík,“ segir hann.

„Það að taka stöðu á þingi á þeim umrótasömu tímum sem ég gerði var mögnuð lífsreynsla. Það toguðust á í mér ólíkar tilfinningar. Þetta var spennandi tækifæri en á sama tíma mikil ábyrgð sem maður gengst ekki við nema að vel ígrunduðu máli. Ég held að ég hafi í fyrsta skipti á ævinni verið stress- aður við ræðuflutning þegar ég tók þá ákvörðun að flytja jómfrúarræðuna mína um samgöngumál á Vestfjörð- um. Að standa í pontu og horfa í ginin á ljónunum í þessu ræðukólosseum Ís- lands, vera ekki með skrifaða ræðu og hugsa að nú sé maður í þann mund að fara að fremja pólitískt harakiri er afar sérstök tilfinning. Jafnvel næstum óbærileg. Svo hefur maður upp raustina, gleymir ljónunum og talar sem endra- nær alltof lengi. Jafnvel svo lengi að virðuleg frú forseti, Þuríður Backman, dældaði þingbjölluna við að reyna að þagga niður í mér, og húðskammaði mig á eftir.“

Þrátt fyrir dældaða bjöllu á Alþingi og skammir frá forseta Alþingis lét Pétur ekki deigan síga og stóð fyrir söfn- un undirskrifta á netinu til að þrýsta á alþingismenn varð- andi margumrædd Álf- táfjarðargöng sem komin eru á samgönguáætlun ríkisins. Hægt er að skrifa undir á netsíðunni alftafjardargong.is ef fólk vill leggja sitt af mörk- um og stuðla að því að göng- in verði að veruleika og opin í báða enda einhvern dag- inn.

Heimahagar

„Ég held að leiðin hafi alltaf legið vestur aftur, leynt og ljóst. Hér er ég vel áttaður. Ég stökk því á það tækifæri að koma vestur til að taka að mér umsjónarkennslu í Súðavíkurskóla. Við fluttum því vestur með manni og mús og eigum okkar varnargígi í

Súðavík. Við erum 5 í heildina og eigum von á einni send- ingu til viðbótar með haust- skipunum, ef Guð lofar.“

Súðavík er ótrúlegur staður sem Guð vandaði sig sér- staklega við að skapa, að sögn Péturs. Það er einhver leyndardómur og tímaleysi í Súðavík, sem er ágætt þegar hugurinn á það til að hreyfast hraðar en umhverfið. „Þar liggur tíminn makindalega og bíður eftir að þú takir hann upp á bakið og röltir með hann átt að skapandi verk- um. Það er eitthvað stórkost- legt framundan í Súðavík, maður finnur það þegar maður leggur lófann á göt- una, hún iðar af krafti. Örn Elías, nágranni minn og sveit- ungi, sagði mér góða sögu um daginn af Ragga Bjarna sem kom til hans við ein- hverja athöfn í Hörpunni og sagði: „Þurfum við ekki að fara brilla eitthvað saman Öddi?“ Þetta finnst mér slá- andi góð setning. Við þurfum líka að fara „brilla“ eitthvað í Súðavík, það er ljóst. Ef ég er beðinn um að lýsa Súðavík segi ég fólki frá skólanum sem er sá besti þótt víða væri leitað, fólkinu sem þar starfar og skólastjóranum sem dreg-

ur vagninn kröftuglega þó nett sé og tindilfætt.“

HSV

Héraðssamband Vestfirð- inga er nýjasta verkefnið í lífi Péturs. Þar starfar hann sem framkvæmdastjóri og fæst sem slíkur við kynstrin öll af verkefnum. Þau eiga það öll sameiginlegt að tengjast íþrótt- og æskulýðsmálum á einn eða annan hátt. „Það er bæði gaman og gefandi að vinna að þessum mála- flokki, sem er einn af stóru þáttum þess að hér séu já- kvæðar byggðarforsendur, sem aftur er það sem ungt fólk horfir til þegar það röt- festir sig og fjölskyldur sínar. Okkur verður því að takast vel til í þessum málaflokki, slá hvergi slöku við og sjá til þess að Vestfirðir séu sam- keppnishæfir og gott betur þegar kemur að íþrótt- og æskulýðsmálum, hvort sem það er þjálfun, íþróttamann- virki, heilbrigði eða öryggi,“ segir Pétur um nýjasta ævin- týrið, og ljóst er að tækifærin leynast víða fyrir vestan þeg- ar fólk er opið og atorkusamt að láta til sín taka í samfélag- inu.

hordur@bb.is



Lögmaður og b

Kristján Óskar Ásvaldsson er fæddur og uppalinn Önfirðingur sem hefur búið í sveitinni alla sína hunds og kattar tíð fyrir utan námsdölinna á Bifröst. Hann er landsbyggðamaður í húð og hár, sonur Helgu Dóru Kristjánsdóttur og Ásvaldar Magnússonar bænda í Tröð í Öfundarfirði. Þar býr hann ásamt unnustu sinni Hólfríði Bóasdóttur og tekur virkan þátt í bústörfunum eftir að hann hendir af sér jakkaftönum að loknum vinnudegi á lögmannaskrifstofunni. „Ég er í jakkaftönum á daginn og drullugallanum á kvöldin heima í sveitinni,“ segir hann og kann vel við að taka til hendinni, enda kraftmikill og duglegur ungur maður.

Sveltastrákur á skíðum

„Ég gekk í Grunnskólann í Holti. Þar var lögð áhersla á skíðaiðkun með skólafarfinu á veturna en á sumrin tóku við frjálsspróttir. Það var frábært að alast upp í Öfundarfirði, margir krakkar sem bjuggu í sveitinni og mikill samgangur á milli bæja. Ég tók fullan þátt í sveitaverkunum. Þegar ég var þúki var blandað bú í Tröð, bæði hafi og kindur. Þótt skólinn hafi hætt á vorin þurfti ég að vakna snemma á morgnana og sækja kýrnar og vinna ýmis sveitastörf. Oftast hafa verið um 350 ær á bænum, sem er rúmlega hobbý. Núna erum við hætt með kýrnar.

Það eru aðeins 2 mjólkurbú eftir í Öfundarfirði í dag en voru 11 þegar ég var að alast upp. Þessi tvö sem eftir eru framleiða sjálfsgætt meiri mjólk en öll þau 11 sem voru þá,“ segir Kristján Óskar, sem býr enn í sveitinni og lítur á sig sem aðstoðarbónda.

Menntaskólaárin voru góður tími fyrir Kristján Óskar sem stundaði nám við Menntaskólann á Ísafirði og var á kafi í skíðunum. Hann var í landsliðinu og æfði og keppti í Evrópu. Hann æfði og keppti meðal annars í Noregi og Svíþjóð samhliða náminu en varð aldrei Evrópumeistari eða heimsmeistari í skíðaíþróttum. Það var ekkert drukkið eða djammað í skíðaferðum, bara æft á fullu tvisvar á dag að sögn Kristjáns.

„Fyrstu keppnisferðirnar fór ég með Grunnskólanum í Holti. Það voru skólaferðirnar á Andrésarleikana og síðan á menntaskólaárunum fórum við í skíðaferðir til Noregs með skíðafélaginu og síðar landsliðinu. Tíminn fór í að skíða í norskum fjöllum og rölta um svæðið og kynnast annarri menningu og hitta aðra krakka sem voru í þessu sama, sem var ótrúlega gaman. Maður stóð síðan frammi fyrir þeirri ákvörðun eftir Menntaskólann að velja milli skíðaíþróttarinnar eða halda áfram námi og ég valdi öruggari kostinn.“

Bifröst

Kristján kynntist kærustunni, Hólfríði Bóasdóttur, á Bifröst þegar hann lagði stund á lögfræðinám. Hún er fædd

og uppalin á Egilsstöðum en býr nú í Tröð með bókna sínum. „Það má segja að það hafi verið flugeldasýning við fyrstu sýn en við smullum vel saman á fyrsta deiti. Hún hafði búið í Danmörku í 10 ár svo ég plataði hana til að hjálpa mér að þýða danskar lögfræðigreinar og þóttist þurfa hjálp. Það endaði með því að ég náði að draga hana með mér í sveitina. Henni líður vel hér og er orðin Vestfirðingur, er farin að taka flugveður þótt hún þurfi ekki að taka flug,“ segir Kristján, og bætir því við að mælikvarði inn á vestfirskuna sé hvort fólk tali um veðrið í samhengi við flugið þegar það hittist og heilsast á förnun vegi.

Eftir að Kristján Óskar kláraði menntaskólann hætti hann að vera á skíðum, sem hafði verið alvara lífsins þangað til. Þá tók önnur ástíðna við en hann tók námið föstum tökum þegar lögfræðin kom til skjalanna.

„Það kom ekkert annað til greina en að læra á Bifröst, sem er eins konar fjölskylduháskóli. Móðursystir mín var að kenna við skólann, mamma og fleiri í fjölskyldunni hafa farið þangað til náms. Þabbi fór í landbúnaðarháskólann í Borgarfirðinum ekki langt frá. Ég útskrifaðist haustið 2011 með átta manna hópi sem náði að klára á réttum tíma en við byrjuðum 42 haustið 2007. Ég kláraði námið með fyrstu einkunn en það skipti mig miklu máli, það var annað hvort að gera þetta almennilega eða sleppa þessu,“ segir Kristján Óskar,

sem segist alltaf hafa verið mikill landsbyggðamaður og það hafi fylgt honum í gegnum námið.

„Þegar ég fór í fyrsta skipti einn til Reykjavíkur var ég að reyna að koma mér út úr bænum aftur á Bifröst og rataði ekki út úr bænum. Ég þurfti að hringja í félagamína sem hlógu svo mikið að mér að ég þurfti að skella á. Ég er mikill landsbyggðamaður og rata allavegana hér á svæðinu.“

Lögmaðurinn

Eftir háskólanámið á Bifröst tók Kristján Óskar lögmannsprófið og náði því í fyrstu atrennu, en það er rúmlega 50% fall hjá lögfræðingum á þessu prófi. Eftir það fór hann að líta í kringum sig og þá stefndi hugurinn aftur vestur. „Þá var fulltrúi sýslumanns að taka sér árs leyfi og ég fékk tækifæri til að koma aftur heim og réð mig hjá sýslumanni í eitt ár. Það var frábær reynsla, þar sá ég um gerð ákæruskjala og málflytning fyrir hönd lögreglustjóra og gerð lögreglustjórásatta.“

Lögfræðin á vel við Kristján Óskar sem hefur mikinn áhuga á félagsmálum. Hann hafði starfað í lögreglunni í eitt ár áður en hann fór í háskólann. Þar kynntist hann lögfræðinni og fékk áhugann út frá lögreglustarfinu. „Ég vissi ekki hvað ég vildi gera eftir að menntaskóla lauk. Ég útskrifaðist af náttúrufræðibraut og ætlaði í verkfræði eftir það. Ég sé það í dag að það hefði líklega ekki

átt eins vel við mig. Í lögreglustarfinu þarf maður að vera „altmuligmand.“ Fólk hringir og spyr um ýmis álítaefni þótt úrlausn þeirra heyri ekki beint undir lögregluna, eins og ýmis einkaréttarlegur ágreiningur um lóðamörk, efndir samninga og fleira. Það fékk mig til að hugsa.“

Aðspurður hvort hann horfi á sakamálaþætti í sjónvarpinu segir Kristján Óskar: „Ég horfi ekki á sakamálaþætti eða annað sjónvarpsefni, nema fréttir. Kærastan horfir á lögfræðiþætti og segir mér hvernig ég á að klæða mig og bera mig að. Hún var einmitt að segja mér að vera ekki í gamalli skyrtu með gamalt bindi í viðtalinu. Ég verð að hlýða því sem hún segir, maður þarf stundum að láta í minni pokann.“

Keppismaðurinn og grúskarinn

Kristján Óskar hefur tekið skíðin upp aftur eftir að hann kom til Ísafjarðar. Það hefur alltaf verið mikið kapp í honum að taka áskorunum og vinna. Hann gleymdi skíðaftönum heima þegar sprettgangin var haldin í skíðavíkunni fyrir tveimur mánuðum, keppnin byrjaði klukkan 5, eftir vinnu gekk hann niður eftir til strákanna. „Það var ekkert annað tekið í mál en að ég yrði með. Ég fylltist kappi við að horfa á hina skíða svo ég fékk lánuð skíði og skellti mér með í jakkaftönum. Þar tapaði ég naumlega fyrir Guðmundi Bjarnasyni og þurfti að skera úr um sigurinn með myndar-

Sælkerar vikunnar eru Ester Sturludóttir og Stefán Hafsteinsson

Fiskur sem slær alltaf í gegn!

Við ætlum að bjóða upp á algjört veislufæði sem er mjög gott með ísköldu hvítvíni og jafnvel hvítlauskbrauði. Hægt er að segja meira grænmeti í sósuna t.d. papriku og lauk.

Þorsknakkar (eða annar fiskur)

Egg
Mjólk
Hveiti

Sósa
Matreiðslurjóni
Hvítlauskrisf (ekki of mikið

og ekki of lítið)
Sveppir
grænmetisteningur

Meðlæti

Sætar kartöflur skornar í litla bita, bakaðar í ofni, salt, pipar og olía,

Salat

Klettasalat/jöklasalat
Tómatar
Gúrka
Fetaostur (öll krukkann og olían með)
Döðlur (saxaðar smátt)

Jarðaber

Sláid egg og mjólk saman með gaffli. Skerið fiskinn í hæfilega bita. Veltið bitunum upp úr hveitinu og síðan upp úr eggjunum. Snöggsteikið fiskinn í smjöri, kryddið með salti og pipar. Hellid sósunni yfir fiskinn og látið malla í nokkrar mínútur þar til fiskurinn er til. c.a 5-7 mín.

Við skorum á Birnu Hjaltalín Pálmadóttur og Jóhannes Geir Guðnason að vera næstu sælkerar vikunnar.



Bóndi í Öfundarfirði

töku. Ég skutlaði mér í mark við línuna og lenti á hausnum,“ segir Kristján Óskar um þetta skemmtilega atvik sem var fest á filmu og lifir æ síðan.

Kristján Óskar hefur dhuga á öllu, að grúska og leita víða. Þegar hann les skáldsögur er hann með tvær til þrjár í gangi í einu. Hann segist þó lesa sér meira til gagns. „Það verður að vera einhver sagnfræði, stundum sofna ég með lögin á náttborðinu og er með fimm bækur í gangi í einu. Nákvæmt orðalag skiptir miklu máli í lögfræðinni til að eyða óvissu. Þótt margir haldi öðru fram held ég að lögfræðingar vilji flestir minnka lagaóvissu sem mest með nákvæmu orðalagi. Það er góð undirstaða að vera góður í íslensku. Maður þarf að spá í málið og íslenska tungu,“ segir hann.

Lifir drauminn

„Ég var að koma mér fyrir á skrifstofunni, fá tölvu og síma og græja og gera. Ég hef fengið mjög góð viðbrögð, fólk er ánægt með að fá lögmann á svæðið, ég tala nú ekki um svona heimamann. Ég skynja mikla bjartsýni og jákvæðni. Ég hef hugsað mér að veita almenna lögfræðipjónustu til fyrirtækja, stofnana og einstaklinga í formi málflutnings fyrir dómi og almennrar ráðgjafapjónustu. Þetta leggst mjög vel í mig, ég held að það hafi vantað annan lögmann hingað á svæðið. Það er klárlega eftirspurn eftir starfskröftum mínum, það er alltaf næg vinna fyrir duglega menn,“ segir Kristján Óskar, sem stefnir á að búa hér um ókomna tíð, en hann hefur hafið störf hjá PACTA Lögmönnum á Ísafirði.

„Þar er Tryggvi Guðmundsson lögmaður fyrir sem hefur átt tæplega 30 ára farsælan lögmannsferil á Vestfjörðum. Það er frábært að vera með honum á stofunni. Það er alltaf gott að geta leitað til reynslubolta í faginu. Hjá PACTA Lögmönnum starfa í dag yfir 20 lögmennt á 10 stöðum á landinu, í lögmennsku er ómetanlegt að hafa þann bakhjarl og faglega stuðning sem öflugir samstarfsfélagar geta veitt,“ segir Kristján Óskar og er skrefinu

nær því að uppfylla drauminn um að verða bæði lögmaður og bóndi.

„Þetta er alveg frábært. Þarna fara saman algjörlega ólíkir heimar. Það er rosalega þægilegt að koma heim og klæða sig strax úr jakkaftötum og fara beint í vinnugallann. Maður kemur alltaf endurnærður til baka eftir að hafa verið úti að bera skít á túnin. Þetta fer vel saman, draumurinn er að eignast hundrað rollur og vera lögmaður með því.“

– hordur@bb.is



Fiðlan alltaf í fy

Færni Maksymilian Frach á fiðlu kom í ljós fljótlega eftir að hann byrjaði að æfa fjögurra ára gamall. Núna þegar hann hefur lokið framhalds-prófi hjá Tónlistarskóla Ísafjarðar hefur hann komið fram fyrir fjölda manns við fjölmörg tækifæri og hlotið ýmsar viðurkenningar. Til að mynda hefur hann leikið með Ungsveit Sinfóníuhljómsveitar Íslands frá stofnun hennar.

Blaðamaður hitti Maksymilian, sem er sonur tónlistarhjónanna Janusz og Iwona Frach, er hann var að undirbúa sig fyrir árvissa ferð fjölskyldunnar til Póllands yfir sumartímann og spjallaði við hann um tónlistina sem skipar einn stærsta sess í lífi hans. Enda lá það snemma fyrir að fiðluleikur yrði fyrirferðarmikill í lífi hans.

„Pabbi er fiðluleikari og það var fyrir áhrif frá honum að ég byrjaði að æfa á fiðlu. Það lá bara alltaf fyrir að ég yrði tónlistarmaður. Mamma er sérfræðingur í tónfræðigreinum, píanókennari og undirleikari minn alveg frá upphafi. Ég byrjaði að læra á píanó hjá henni þegar ég var níu ára gamall en fiðlan var samt alltaf mitt helsta hljóðfæri og stefnan var strax tekin á að verða fiðluleikari.“

Fær stuðning úr heimabyggð

Eins og fyrr segir var Maksymilian einn þeirra sem völdust til að leika með Ungsveit Sinfóníuhljómsveitar Íslands, en það er framtak sem hlotið hefur mikla athygli og lof allt frá stofnun hennar. Markmið Sinfóníuhljómsveitarinnar með sveitinni er að þjálfa unga nemendur í hljómsveitarleik á atvinnustigi.

„Ég hef spilað þrisvar með sveitinni. Ég þurfti að sleppa því eitt sinn þar sem sveitin kom fram á sama tíma og ég var að taka framhalds-prófið frá Tónlistarskólanum og spila á tónleikum í tengslum við það. Þá lék ég Árstíðirnar fjórar eftir Antonio Vivaldi með undirleik kammersveitar, sem var mjög mikilvæg reynsla. En ég ætla mér að halda áfram spila með sveitinni næsta haust eins mikið og ég get.“

Það er hins vegar ekki hægt nema með góðum styrkjum og stofnanir og fólkið hér á Ísafirði hafa stutt vel við bakið á mér. Annars ætti ég ekki kost á að fara. Flestir eru á höfuðborgarsvæðinu og einungis örfáir af landsbyggðinni. Mig minnir að það hafi bara verið einn annar sem var ekki frá Reykjavík, en hann var frá Akureyri. Það skiptir því miklu máli að fá stuðning til þess að geta tekið þátt þrátt fyrir fjarlægðina.

En þrátt fyrir fjárhagslegan stuðning, þá er félagslegur stuðningur frá samfélagi sem ég bý í einn af mikilvægustu þáttum bæði fyrir mig og alla sem leggja stund á einhverjar greinar. Það eru örugglega ekki mjög margir staðir í heiminum eins og Ísafjörður þar sem börn eiga svona marga valkosti í frítímanum sínum og þetta hefur örugglega mjög jákvæð

áhrif á samfélagið okkar.“

Hefur þurft að taka hlé á tómsundum fyrir fiðluna

Fiðluleikur er þó ekki eina áhugamálið en Maksymilian hefur einnig lagt stund á gönguskiði og sund.

„Ég æfi sund og hef æft gönguskiði með hléum. Ég ætla að byrja aftur að æfa næsta vetur og bæta mig þá einnig í sundinu. Ég stefni á að keppa aftur á Skíðamóti Íslands og kannski líka á Íslandsmeistaramótinu í sundi.“

Ég fæ mikinn stuðning frá bræðrum mínum Mikolaj og Nikodem sem eru í nákvæmlega sömu tómsundum og ég. Þeim gengur mjög vel en það getur bráðum orðið til þess að þeir byrja að keppa við mig í þessu öllu og hver veit hvernig það getur endað,“ segir Maksymilian brosandi.

„Fiðlan hefur þó alltaf verið í fyrsta sæti og það hefur alltaf verið þannig að þegar einhverjir áfangar voru í fiðlunáminu þurfti ég að taka mér hlé á tómsundunum. Stundum þegar veðrið er mjög gott og flott færi úti hef ég frekar valið að fara á gönguskiði í staðinn fyrir að æfa mig á fiðluna. Annars æfi ég vanalega á hverjum degi. Maður verður bara stundum að velja eftir veðrinu sem er jú mjög breytilegt hér á Íslandi.“

Eins stefni ég á að taka þátt í einleikarakeppni SÍ og Listaháskóla Íslands en þar keppa einleikarar um að leika með Sinfóníuhljómsveit með því að spila heilan konsert,“ segir Maksymilian, en hann leikur að mestu klassíska tónlist og segir að þar liggi áhugasviðið.

Árvisir tónleikar á Póllandi

Inntur eftir því hvort að metnaðurinn sé alltaf í fullum gir segist Maksymilian nú stundum taka sér hlé.

„Það er stundum mjög gott að taka sér pásu því maður þarf hvíld til að geta starfað eðlilega. Við fjölskyldan förum alltaf til Póllands yfir sumarið. Þar förum við bræðurnir á tónlistarnámskeið, reiðtúra, fjallgöngur og ýmislegt skemmtilegt. Við bræðurnir fæddumst allir á Ísafirði en mamma og pabbi fluttu hingað fyrir níttján árum. Þau bjuggu í Kraká og fjölskylda okkar býr

þar enn. Við erum þar nánast alla sumarmánuðina.“

Bræður Maksymilians eru báðir einnig mjög músíkalskir rétt eins og foreldrar þeirra en þau eru þau einu í stórfjölskyldunni sem eru það.

„Þetta kemur frá foreldrum mínum. Það virðist hafa byrjað þar en við erum öll í tónlist-

inni. Við höldum á hverju ári tónleika í kirkju í hverfinu okkar í Kraká og þeir eru mjög vel sóttir. Stundum höfum við þurft að vera með tvenna tónleika á dag því aðsóknin hefur verið svo mikil.“

Stefnan alltaf verið að verða fiðluleikari

3 JÚLÍ - 8 JÚLÍ
★ **Ísafjarðarbið** ★
Elsta samfelld starfandi bið á Íslandi
DOLBY DIGITAL 3D Facebook Ísafjarðarbið skemmtun.is

STÖRMUND SEM ÞÚ VERÐUR AÐ SJÁ Í BIÐ

JOHNNY DEPP ARMIE HAMMER
LONE RANGER 12
FRÁ DISNEY OG JERRY BRUCKHEIMER
MEISTARA HASARMYNDANNA
KEMUR SUMARÉVINTÝRMYNDIN 2013

MÍÐVÍKUDAG 3. JÚLÍ KL. 8.
FIMMTUDAG 4. JÚLÍ KL. 8.
FÖSTUDAG 5. JÚLÍ KL. 8.
LAUGADAG 6. JÚLÍ KL. 8.

JAMES FRANCO JONAH HILL SETH ROGEN JAY KASCHUK DANNY MURRIS CRAIG ROBINSON
JULIFEST

KOLSVÖRT MEIRIHATTAR GAMANMYND
FRÁBERIR DÓMAR T.D. 8.0 Á IMDB

THIS IS THE END
with MICHAEL CERA and EMMA WATSON
EKKERT SKEMMIR GOTT PARTY EINS OG HEIMSSENDIR

SUNNUDAG 7. JÚLÍ KL. 8.
MÁNUDAG 8. JÚLÍ KL. 8.

Frsta sæti



Maksymilian hefur lokið fyrsta ári í Menntaskólanum á Ísafirði og hyggst ljúka þar námi á þremur árum. Að því loknu er stefnan tekin á Listaháskólann með fiðluleikinn í fyrirrúmi.

„Það er allavega stefnan, nema eitthvað breytist. Mér finnst nú það samt ekki líklegt

þar sem stefnan hefur verið að verða fiðluleikari alveg frá því að ég var barn. Það væri mjög erfitt að breyta því núna, sérstaklega eftir það að ég fékk frá foreldrum mínum glæsilega fiðlu sem er u.þ.b. 300 ára gömul eða eldri. Þannig þarf ég sérstakt leyfi frá ráðuneyti í Póllandi

til þess að koma með hana til Íslands. Það er nefnileg þannig regla með fiðlur, að með aldrinum verða þær dýrmætari. En auðvitað er alltaf tekið tillit til þess hvernig fiðlan hljómar og þess vegna getur tekið alveg nokkur ár að finna góða fiðlu sem hent-ar.“ – Thelma Hjaltadóttir.

Þjónustuauglýsingar

Bílasala
456 3800
Bílaverkstæði
456 4580



Suðurgötu 9

VERKSTÆÐI
STEFÁNS
ARNAR

- ✓ Allar almennar bílaviðgerðir
- ✓ Rúðuskipti

Sindragata 10, 400 Ísafirði
Sími: 456 2310 / 869 6852

Finndu mig á [facebook](#)



Öll almenn
húsasmíði

Bolungavík
☎ 456 7080 • 893 9362 • 690 1060

Umboðsaðili fyrir
GLERBORG

Fréttir og
upplýsingar um
réttindi og kjör
á vinnumarkaði
www.verkvest.is



ENDURSKOÐUN
VESTFJARÐA ehf

Sími í Bolungarvík 450 7900
Sími á Ísafirði 450-7910

Aðalstræti 19, 415 Bolungarvík • Hafnarstræti 9, 400 Ísafjörður

H.V. UMBOÐSVERSLUN ehf
Suðurgötu 9 • 400 Ísafjörður • Sími 456 4666 • Netfang hekla.vestfj@hafsteinn.is



Sjóvinnufatnaður
Stígvél og vettlingar

Þjónusta í heimabyggð 1983-2013

BÍLAVERIÐ ehf

Hjólbarðapjónusta
Smurpjónusta

Smáviðgerðir

Sindragötu 14 • 400 Ísafirði
Sími 456 3501 • www.bilaverid.is



Gámapjónusta
Vestfjarða ehf

PLASTSÖFNUN

Plastsöfnunar-
grind og pokar

Sími: 456 3710
gamarvest.is





Dagar Íslands

4. júlí 1973: Margrét Dana-drottning og Henrik prins komu í opinbera heimsókn til Íslands og dvöldu hér í fjóra daga.

5. júlí 1930: Sólheimar í Grímsnesi, fyrsta heimili hér-lendis fyrir þroskahefta, tók til starfa. Sesselja H. Sigmunds-dóttir stofnsetti heimilið ásamt Þjóðkirkjunni og var forstöðu-maður þess til æviloka, 1974.

5. júlí 1983: George Bushn þáverandi forseti Bandaríkj-anna kom í opinbera heim-sókn til Íslands.

6. júlí 1987: Sænka rokk-hljómsveitin Europe hélt tón-leika í Laugardalshöll. Á sjötta þúsund ungmenni mættu.

7. júlí 1941: Bandaríkjaher kom til Íslands og annaðist vernd landsins til stríðsloka, ásamt Bretum. Alþingi sam-þykkti hvervandina tveimur dögum síðar. Erlendir her-menn á Íslandi munu flestir hafa orðið um 60 þúsund en landsmenn voru þá rúmlega 120 þúsund.

7. júlí 1983: Ray Charles, konungur sóltónlistarinnar, skemmti á Broadway ásamt 25 manna hljómsveit.

8. júlí 1951: Bjarg lenti á Óshlíð, milli Bolungarvíkur og Ísafjarðar. Í bifreiðinni voru 30 íþróttamenn, tveir biðu bana og tveir slösuðust mikið.

9. júlí 1946: Tívolí, nýtt skemmtisvæði, var opnað í Reykjavík. Þar voru meðal annars bílabraut, hringekja, Parísarhjól og danspallur. Starf-seminni var hætt árið 1964.

10. júlí 1970: Ráðherrabú-staðurinn á Þingvöllum brann. Bjarni Benediktsson forsætisráðherra, Sigríður Björnsdóttir kona hans og Benedikt Vilmundarson dóttursonur þeirra fórust í brunanum.

Helgarveðrið

Horfur á föstudag:

Vaxandi SA-átt, 10-15 m/s og rigning S- og V-til seinni partinn, en annars hægari og þurr áð kalla. Hiti 10-18 stig, hlýjast N-til.

Horfur á laugardag:

Ákveðin suðlæg átt með rigningu eða skúrum, en úrkomulítið fyrir norðan og austan. Kólnar SV-til.

Horfur á sunnudag:

Breytilegar áttir, víða væta og fremur svalt.

Krossgátan

				Jón Steingr.	1	2	3	4	5	6	7
				Ræðustól	↓	Bruðlar	Sonur	↓	Hrófla	Ungfrúin	↓
				Val		Öf. röð	Málfæri		Suðar		
				↓						Eink.st.	
										Matjurt	
				Diskar Festa							4
				Skömm							
Gagns-lauss	↓	Skyssu	Fjöldi					Efni			
			Risa					Kvendýr			
↓			7				Dós				
							Greiða				
Mjög					Loka	✓	5		✓		
					Ráðning						
↓						3				Átt	
										Bólan	
Göfugu Meðbiðil	↓	Kona	1				Sæla				Truflaðir
							Hljóðfæri Flokkun				
Ekki				Elja							
Steðja				Plógur							
↓					Sáld	6		Ættföður			
					Síðastur			Brellu			
Sérhlj.			Öflug				Gróður				
			Korn				Festa				
Skass Féлага	↘				Fákur				Sk.st.		
	Baggi				Stía				1000 Þvöl		
↓										Átt	
										Mjóð	
Tala			Rugga Skylda								
Gröf			Leit								
↓	2			Mamma			Fiskur				
				Tónn			Tónn				
Pússa					⇒						



Geirnaglinn ehf

Trésmíðaverkstæði
Strandgötu 7b
400 Ísafirði
Sími: Þórhallur 848 2087
Sími: Magnús 862 3122
www.geirnaglinn.is



HRADFRIYSTIHÚSIÐ-GUNNVÖR HF.
- sjálfbær nýting sjávarauðlinda



Lausn á síðustu krossgátu

		Ö	G	U	R	S	T	U	N	D
						V	I			Ö
		V	O	N	B	I	Ð	I	L	L
			R	E		T	A	Ð	A	N
Jón Steingr.	↓		Á	S	G	E	R	Ð	U	R
	É	L	H	Ö	L	L	U		R	A
	G	Ú	R	K	A		N	Í	D	D
	↓	Ð	I		N	K		S	L	Ó
	K	U	F	L		Ö	T	T	Ö	A
K	E	R		Ó	S	K	A	R	V	E
	M		Ó	T		U	M	A	K	I
Ó	S	Ó	M	A	Ó	N	A		↑	N
	T	R	A	S	S	A		S	Í	K
	↘	E	K	K	I	⇒	Ú	T	↗	E
E	G	G		A	Ð	A		O	R	N
	A	L	L		U	N	A	Ð	I	N
S	P	A	K	U	R		T	A	F	I

Sudoku prautir

7			6		1		5	
1	5		4					
	8					4		
			1	7		6		
		6				9		
		7		6	3			
		5					2	
					8		3	9
	4		3		7			6

	2	1			6			9
				5		1		
8				9	2		3	4
		4					5	
			5	6	9			
	1					7		
1	5		6	8				7
		8		3				
3			9			2	1	



Þórunn Arna Kristjánsdóttir.

Þórunn Arna Kristjánsdóttir leikkona og dansari heiðruð

„Þetta er fyrst og fremst viðurkenning, það er heiður að fá þennan styrk,“ segir Þórunn Arna Kristjánsdóttir leikkona frá Ísafirði, einn af þremur styrkþegum úr Menningarsjóði Þjóðleikhússins. „Hann hefur fyrst og fremst þá þýðingu, og jafnframt að fá að vera í hópi þessara frábæru listamanna sem fengu líka styrk og þeirra sem hafa fengið hann áður,“ segir hún.

„Núna er ég í sumarfríi, langþráðu. Ég byrja í Þjóðleikhúsinu aftur í haust, á fullu, auk þess sem ég mun fara til útlanda og

túra með verkið sem ég frumsýndi í Brüssel í maí og heitir *How an incident*. Ég verð úti allan nóvember og þvælist á milli borga með það verk svo það verður voða gaman.“

Þórunn Arna hefur starfað hjá Þjóðleikhúsinu í þrjú ár og sýningarnar eru komnar yfir þrjú hundruð í tólf verkum. Hún er fjöhlæf og getur jöfnum höndum leikið, sungið og dansað. Hún var tilnefnd til Grímunnar – Íslensku leiklistarverðlaunanna, fyrir aðalhlutverkið í leikritinu *Karma fyrir fugla* og kemur fram

sem dansari á ýmsum listahátíðum í Evrópu í ár samhliða starfi sínu í leikhúsinu.

„Styrkur úr menningarsjóðnum er viðurkenning til Þórunnar og um leið hvatning til halda áfram að vera leitandi og skapandi og sækja sér enn frekari innblástur, þar sem hún telur best að bera niður,“ segir í tilkynningu frá Þjóðleikhúsinu um styrkveitinguna, en ekki hafði verið veittur styrkur úr sjóðnum síðan árið 2000.

hordur@bb.is



Halldór Smáráson tónskáld.

Verk eftir Halldór Smáráson valið á UNM

Verkið Stara eftir ísfrska tónskáldið Halldór Smáráson hefur verið valið til flutnings á tónlistarhátíðinni Ung Nordisk Musik, sem þetta árið er haldin í Osló. Hún er ætluð tónskáldum undir þrítugu.

„Verkið er skrifað fyrir strengjakvartett og rafhljóð og var samið

í vetur á fyrsta námsári mínu í New York. Það er mér mikill heiður að vera valinn á UNM fyrir Íslands hönd ásamt hinum tónskáldunum, ég er virkilega ánægður með þetta,“ sagði Halldór í samtali við blaðið. Halldór stundar mastersnám í Manhattan School of Music í New

York en tók þátt í tónlistarhátíðinni Við Djúpið á Ísafirði fyrir skömmu.

Stara vann einnig til verðlauna í Manhattan Prize, strengjakvartettstónsmíðakeppni Manhattan School of Music, en þar eru haldnar tvær tónsmíðakeppnir á ári hverju.

harpa@bb.is



MARKAÐSHELGIN BOLUNGARVÍK



Útimarkaðsstemning Hoppukastalar Úrslit Söngkeppni Krakkafjör Vestfjarðavíkingurinn Skrúðganga Golfmót Eypór Ingi Pétur Örn Brenna

Föstudagur 5. júlí

15:00 Friðarhlaup

16:00 Golfmót á Syðridalsvelli
skráning á staðnum

Verð kr. 1000 - Vegleg verðlaun!

20:00 Skrúðganga litanna
litblindir velkomnir :)

Rauðir og bláir sýna hver er með'etta

20:20 Vestfjarðavíkingur

Fjörð við brennuna byrjar á aflaunum

20:30 Brenna og brekkusöngur

Benni Sig heldur uppi fjörinu
í gryfunni við Hreggnasa

22:00 Robert the Roommate og
Skúli mennski í Einarshúsi

Laugardagur 6. júlí

12:30 Sölubásar opna

Markaðsfjörð byrjar við Félagsheimilið

13:30 Söngkeppni

Úrslit í söngkeppni Markaðshelgarinnar

14:30 Krakkafjör

Skemmtileg dagskrá fyrir krakkana
með Elínu Sveinsdóttur og Katerinu Ingu

15:30 Eypór Ingi leiðir stemninguna
Rosa fjör fyrir alla

19:00 Dúndurdansleikur í Félagsheimilinu

Matur - Skemmtun - Ball

Hljómsveitin Buff spilar

Veislustjóri er Jóhannes Kristjánsson